

## Stjórnarfundur fimmtudaginn 2. maí 2019

Kl. 18:00 á skrifstofu Siðmenntar, Túngötu 14

**Mætt á fund:** Hope Knútsson, Inga Auðbjörg, Margrét Pétursdóttir, Sigurður Hólm Gunnarsson, Sigmundur Þórir Jónsson, Mördur Árnason, Auður Sturludóttir, Sveinn Atli Gunnarsson og Siggeir F. Ævarsson.

**Boðuð forföll:** Þorsteinn Örn, Kristinn Theódórsson og Kristín Sævarsdóttir. Kristín tók þátt í gegnum fjarfundarbúnað

**Fundarritun:** Siggeir F. Ævarsson

Fundardagskrá í svörtum lit

Viðbætur ritara í bláum lit

### Dagskrá/Fundargerð

#### 1. Kynning stjórnarfólks

Ný stjórn kynnti sig og sinn bakgrunn og áherslur. Allir mættir kynntu sig ítarlega og fóru yfir bakgrunn, grundvöll, ástríðu og markmið.

#### 2. Yfirsýn yfir verkefni Siðmenntar

Heildstæð yfirferð yfir verkefni Siðmenntar og kortlagning þeirra og hvaða áherslur ný stjórn mun hafa í sínu starfi. Fundarmenn skrifuðu niður þau verkefni sem félagið er að sinna og ætti að sinna að þeirra mati.

#### 3. Verkaskipting

Stjórn skiptir með sér hlutverkum og dregið um röð varamanna

Auður Sturludóttir verður varaformaður

Kristín Sævarsdóttir verður gjaldkeri

Sigurður Hólm Gunnarsson ritari

Margrét Pétursdóttir meðstjórnandi

#### Röð varamanna

Jens Ívar Jóhannuson Albertsson

Kristinn Theódórsson

Þorsteinn Kolbeinsson

Sigmundur Þórir Jónsson

Sveinn Atli Gunnarsson

Mörður Árnason

Hope Knútsson

Margrét Pétursdóttir verður fulltrúi félagsins í Mannréttindaskrifstofu Íslands.  
Varamaður verður Auður Sturludóttir

Inga Auðbjörg verður fulltrúi félagsins í Samráðsvettvangi trú- og lífsskoðunarfélaga.  
Sigmundur Þórir Jónsson varamaður.

#### 4. Áriðandi mál

- a. Ráðstefna Siðmenntar 1. júní. Framkvæmdastjóri lagði fram stutt minnisblað og fór yfir stöðu mála
- b. Útfarir - Er kominn tími til að fjölga athafnastjórum sem sinna útförum, og þá jafnvel auglýsa þjónustana í kjölfarið?

Ákveðið að keyra á fullt með námskeið í haust, athuga með áhuga og fastsetja dagsetningu. Jafnframt reyna að koma áhugasömum athafnastjórum í að fylgjast með þeim útförum sem verða á næstunni. Inga setur inn minnisblað um samstarf við erlenda kennara um að koma að námskeiðinu.

- c. Borgaraleg ferming

Stutt yfirferð yfir stöðuna núna og fyrirkomulag kennslu og fræðslu og hvernig ætti að halda áfram með starfið. Kominn er tími til að endurskoða ýmislegt, t.d. launamál og utanumhald í kringum allt starfið.

Hope bendir á að senda þarf út gæðakönnun fljótlega, og þá þarf verkefnahópur að koma saman fljótlega og fara yfir síðasta ár og ræða um næstu skref.

Framkvæmdastjóra falið að senda út könnunina fljótlega.

Inga ræðir við Jóhann um hvort hann hafi áhuga á að halda áfram með starfið.

Sigurður leggur til að farið verði í heildstæða óháða endurskoðun á launamálum verktaka sem vinna fyrir félagið.

Margrét leggur til að farið verði í vinnu við að safna saman þeirri þekkingu og reynslu sem hefur orðið til í BF í einhverskonar handbók þannig að hún verði aðgengileg fyrir alla.

Mörður leggur áherslu á að horft verði fram á veginn og allar mögulegar persónulegar deilur verði lagðar til hliðar.

Inga leggur áherslu á að félagið fái yfirsýn yfir það starf sem unnið er í fræðsluhluta BF.

Siðmennt er aðili að eftirfarandi samtökum:

IHEU - International Humanist and Ethical Union

EHF - European Humanist Federation

MRSÍ - Mannréttindaskrifstofa Íslands

Auður veltir því upp hvort ekki þurfa að fastmóta hugmyndir um laun, áður en rætt verður við Jóhann.

Jens bendir á að enginn má vera ómissandi, og leggur til að fyrst verði hugur Jóhanns kannaður til þess hvort hann vilji halda áfram. Síðan má ræða um laun.

- d. Formleg skjöl og tilkynningar sem ný stjórn þarf að undirrita.
- tilkynna þarf nýja stjórn til RSK/Fyrirtækjaskrár - frestað til næsta fundar
  - Tilkynna þarf nýjan formann til sýslumanns - frestað til næsta fundar
  - Stilla þarf alla póstlista og rafræna aðganga upp á nýtt fyrir stjórn - frestað

## 5. Fyrirkomulag funda

Ákveða þarf fundartíma stjórnar og huga að fyrirkomulag funda, lengd og verkefnaskiptingu.

Inga leggur til að stjórn fundi formlega einu sinni í mánuði, og einu sinni í mánuði verði vinnufundur með frjálssi mætingu.

Könnun verður sett í loftið um hvaða dagur henti best til funda.

## 6. Önnur mál

Framkvæmdastjóri fjallaði um stöðuna á Þjóðskrármálinu.

**Fundi slitið klukkan: 21:01**

**Næsti stjórnarfundur haldinn: Óákveðið**